

svo hún sé örugg ef eitthvað kemur fyrir. Fæ kunningja minn sem á stóran jeppa til að skutlast með mig. Iridín fær að vera með pabba sínum í vinnunni í einn dag í það minnsta.

Farið í undirbúningsvinnu við að rýma sjúkrahúsið þar sem ekki er varnargarður fyrir ofan það. Gilið fyrir ofan hins vegar búið að hreinsa sig með flóðinu í morgun og hættan á öðru flóði þaðan ekki talin mikil. Það er því ákveðið að bíða með rýmingu að svo stöddu.

Árið 1974 féllu stór snjóflóð í Neskaupstað sem ollu miklu tjóni og létust 12 manns en 13 var bjargað. Flóðið í morgun yfði upp sár hjá mörgum íbúum. Það er búið að verja stóran hluta bæjarins með upptakastöðvirkjum, keilum og varnargörðum. Fjórði og síðasti varnargarðurinn fer í útboð á þessu ári. Hann hefði komið í veg fyrir að flóðið í dag hefði náð niður í byggð.

**14:15** Leiguflugvél frá Icelandair lendir á Egilsstöðum með björgunarsveitarfólk frá Reykjavík og svæfingarlækni af Landspítala, en það hefur verið svæfingarlæknislaust á FSN síðan í gærkvöldi. Þyrla Landhelgisgæslunnar kemur til Egilsstaða og ákveðið að hún komi með hann til Neskaupstaðar, en ekki er hægt að fara landleiðina vegna ófærðar og snjóflóðahættu. Þyrlan gerir tilraun til að lenda en verður að hætta við vegna óveðursins og fer til baka til Egilsstaða. Áætlað að reyna aftur undir kvöld þegar veðrinu á að fara að slota. Varðskipið Þór á leiðinni frá Akureyri. Ráðgert að ferja björgunarsveitarfólkið til Seyðisfjarðar þar sem Þór mun taka það um borð og sigla svo til Neskaupstaðar.

**15:30** Annar fundur og farið yfir stöðuna og atburði dagsins.

**17:30** Veðrið orðið skaplegra og við Iridín höldum heim á leið.

**18:30** Þyrlan kemur aftur með svæfingarlækninn og tekst að lenda í annarri atrennu.

**23:30** Allt hefur verið með kyrrum kjörum í kvöld og ég fer í háttinn. Reiknað með áframhaldandi snjókomu og illviðri frameftir vikunni þannig að ástandið er langt frá því að vera gengið yfir.



Sigurveggarar keppni um besta erindi þingsins ásamt formönnum fagfélaganna. Frá vinstri: Katrín M. Þormar formaður SGLÍ, Aðalbjörg Björgvinsdóttir formaður FÍFK, Þorvaldur Bollason, Ásdís Brynja Ólafsdóttir, Freyja Jónsdóttir og Geir Tryggvason formaður SKÍ. Myndina tók Kristinn Örn Sverrisson.

## Sameiginlegt vísindaping

Föstudaginn 24. mars síðastliðinn héldu Svæfinga- og gjörgæslulæknafélag Íslands, Skurðlæknafélag Íslands, Félag íslenskra fæðinga- og kvensjúkdómalækna og fagdeildir gjörgæsluhjúkrunarfræðinga, skurðhjúkrunarfræðinga og svæfingahjúkrunarfræðinga sameiginlegt vísindaping á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu

Alls skráðu sig yfir 300 þátttakendur sig og nutu þess að heyra yfirlitsyfirlestra frá fagfélögum sínum. Eftir hádegi voru yfir 30 rannsóknarverkefnum gerð skil bæði með veggspjaldakynningu og munnlegum kynningum.

Ráðstefnunni lauk svo með kynningu á sex ágrípum sem voru valin sérstaklega til að keppa um besta erindi ráðstefnunnar. Í lok kynningarinnar

völdu áhorfendur úr sal verkefni Ásdísar Brynju Ólafsdóttur læknanema, „Pungunarrof á Landspítala: Aðferðir, árangur og fylgikvillar“, besta verkefni ráðstefnunnar. Í 2-3 sæti urðu Þorvaldur Bollason sérnámslæknir fyrir verkefni „Meðferð krabbameina í ristli og endaparmi á Íslandi samanborið við Svíþjóð 2014- 2019“ og Freyja Jónsdóttir lyfjafræðingur og doktorsnemi fyrir verkefnið „Assessment of preoperative potentially inappropriate prescribing patterns based on Beers criteria in Older Surgical Patients“.

Aðstandendur ráðstefnunnar þakka öllum ráðstefnugestum og óska flytjendum vísindaverkefnanna til hamingju með glæsilegan árangur.